

# Stofnanasamningur

milli Landgræðslu ríkisins og SFR – stéttarfélags í almannajónustu, skv. ákvæðum kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra, 9. mars 2005.

## 1. Gildissvið

Samningur þessi tekur til þeirra félagsmanna í SFR – Stéttarfélagi í almannajónustu sem starfa hjá Landgræðslu ríkisins. Samningur þessi er hluti kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra dags. 25. mars 2001, með síðari breytingum.

## 2. Skilgreining starfsheita og röðun í launaflokka

Við röðun í launaflokka skal fyrst og fremst miða við viðvarandi og stöðugt verksvið þannig að við upphaf starfs skal taka tillit til eðlis starfsins og starfsmanni raðað í samræmi við það. Eftirfarandi launaflokkar skulu vera grunnröðun fyrir hvert starfsheiti.

2.1. Starfsheiti	Launaflokkur
<b>N01 Nemi 1</b>	<b>8</b>
Nemi sem lokið hefur 30-45 einingum til háskólaprófs í raungreinum. Hann starfar undir beinni stjórn og leiðsögn yfirmanns.	
<b>N02 Nemi 2</b>	<b>9</b>
Nemi sem lokið hefur 46-60 einingum til háskólaprófs í raungreinum. Hann starfar undir beinni stjórn og leiðsögn yfirmanns.	
<b>N03 Nemi 3</b>	<b>10</b>
Nemi sem lokið hefur 61-90 einingum til háskólaprófs í raungreinum. Hann starfar undir beinni stjórn og leiðsögn yfirmanns.	
<b>Sk01 Skrifstofufulltrúi 1</b>	<b>6</b>
Almenn skrifstofustörf sem að jafnaði eru unnin undir stjórn annarra. Felur í sér verkefni sem miðast m.a. við móttöku og öflun gagna, úrvinnslu þeirra og almennri miðlun upplýsinga til starfsmanna og viðskiptavina Landgræðslunnar. Í starfinu getur falist m.a. símavarsla, skráning upplýsinga og ritvinnsla.	
<b>Sk02 Skrifstofufulltrúi 2</b>	<b>10</b>
Vinnur sjálfstætt og hefur umsjón með verkefnum sem krefjast töluverðrar þekkingar á ákveðnum sviðum Landgræðslunnar. Í starfinu getur falist m.a. færsla bókhalds, skjalavarsla og greiðsla reikninga.	
<b>Sk03 Skrifstofufulltrúi 3</b>	<b>12</b>
Vinnur sjálfstætt og hefur umsjón með og ber ábyrgð á verkefnum sem krefjast töluverðrar þekkingar og færni. Í starfinu getur m.a. falist færsla bókhalds, útgáfa og innheimta umsýsla reikninga launabókhald og umsjón með starfsmannaskrá.	
(Samþykkt var á samstarfsnefndarfundi aðila þann 15. nóv. 2007 að hækka grunnröðun Skrifstofufulltrúa 3 í launaflokk 13 frá og með 1. nóvember 2007).	
<b>V01 Vélamaður 1</b>	<b>8</b>
Vinnur undir stjórn annarra að framkvæmd verkefna sem krefjast sérhæfingar.	
<b>V02 Vélamaður 2</b>	<b>13</b>
Sérhæfður vélamaður. Ber ábyrgð á ákveðnum verkefnum sem krefjast reynslu og faglegrar hæfni og sérhæfingar. Tekur þátt í öflun upplýsinga og áætlanagerð. Veitir faglega ráðgjöf. Verkstjórn getur falist í starfinu en er ekki meginhluti þess.	

- L01 Landgræðsluvörður 1 1**  
Vinnur undir stjórn héraðsfulltrúa að almennum landgræðslustörfum.
- L02 Landgræðsluvörður 2 11**  
Vinnur undir stjórn héraðsfulltrúa og ber ábyrgð á ákveðnum verkþáttum. Í starfinu getur falist ráðning starfsmanna og verkstjórn.
- U01 Umsjónarmaður 1 10**  
Hefur umsjón með ákveðnum þáttum í starfsemi Landgræðslunnar svo sem umsjón staðarumhverfis, birgða, tækja og girðinga. Í starfinu getur falist flokksstjórn.
- U02 Umsjónarmaður 2 12**  
Ber ábyrgð á verkefnum er krefjast töluverðrar þekkingar á ákveðnu sviði Landgræðslunnar, svo sem hvað varðar vélar og fasteignir. Verkstjórn getur falist í starfinu en er ekki meginhluti þess.
- U03 Umsjónarmaður 3 15**  
Hefur umsjón með og ber ábyrgð á verkefnum eða verkþáttum er krefjast umtalsverðrar kunnáttu og starfshæfni á viðkomandi verksviði. Verkstjórn getur falist í starfinu.
- U04 Umsjónarmaður 4 19**  
Hefur umsjón með mörgum viðamiklum verkefnum og/eða mörgum smærri verkefnum og ber faglega ábyrgð á þeim. Verkstjórn felst í starfi hans. Hann sinnir faglegri ráðgjöf og áætlanagerð í samráði við yfirmann. Í starfinu felst hönnun mannvirkja og kostnaðareftirlit framkvæmda. Hann getur haft starfssvæði um allt land.
- Ast Aðstoðarstöðvarstjóri 18**  
Er staðgengill stöðvarstjóra (framkvæmdastjóra) í fjarveru hans. Hefur umsjón með og ber ábyrgð á ákveðnum verkum eða stærri verkþáttum sem krefjast töluverðrar þekkingar á starfsemi Landgræðslunnar. Tekur þátt í stefnumótun og skipulagningu á starfsemi rekstrardeildar. Í starfinu felst verkstjórn.
- K Kerfisstjóri 25**  
Hefur umsjón og eftirlit með tölvu- og fjarskiptabúnaði Landgræðslunnar og tilheyrandi hugbúnaðarkerfum og sinnir viðhaldi. Tekur þátt í stefnumótun varðandi tölvu- og fjarskiptabúnað, veitir ráðgjöf og aðstoð við innkaup og notkun búnaðarins. Í starfinu getur falist að koma fram fyrir hönd stofnunarinnar.
- St Stöðvarstjóri 28**  
Ber ábyrgð á rekstri fræverkunarstöðvar og tekur þátt í stefnumótun, ráðgjöf, öflun upplýsinga, þróun og áætlanagerð. Fer með yfirstjórn verkþátta er heyra undir fræverkunarstöðina og hefur samskipti við aðrar stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga.
- F Fjármálastjóri 28**  
Hefur umsjón með fjármálum stofnunarinnar, vinnur að rekstraráætlunum og tillögum til fjárlaga. Tekur þátt í stefnumótun, ráðgjöf, öflun upplýsinga og áætlanagerð og hefur samskipti við ráðuneyti, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga.

## **S Sviðsstjóri**

**34**

Sviðsstjóri ber ábyrgð á starfsemi á sínu sviði. Hann fer með yfirstjórn verkþátta sviðsins og hefur samskipti við aðrar stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga. Hann ber ábyrgð á fjármálum sviðsins í samræmi við fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Hann tekur einnig þátt í gerð fjárhagsáætlunar, stefnumótun og áætlanagerð um starfsemi stofnunarinnar almennt.

### **3. Viðbótarflokkar á grunnlaun**

Þættir samkvæmt greinum 4, 5, 6 og 7 eru metnir, eftir því sem við á, til launahækkunar til viðbótar grunnlaunum, enda séu þeir ekki innifaldir í skilgreiningu á starfsheitum og röðun þeirra í launaflokka, sbr. grein 2.1.

### **4. Starfsreynsla**

Starfsmaður sem hefur öðlast starfsreynslu hjá Landgræðslunni skal hækka um launaflokka sem hér segir:

- 1 árs starfsreynsla; hækkun um einn launaflokk, (Gildir ekki fyrir K, St, F og S)
- 4 ára starfsreynsla; hækkun um einn launaflokk, (Gildir ekki fyrir K, St, F og S)
- 7 ára starfsreynsla; hækkun um einn launaflokk,

Starfsmenn aðrir en kerfisstjóri, stöðvarstjóri, fjármálastjóri og sviðsstjóri, geta því hækkað um þrjá launaflokka fyrir 7 ára starfsreynslu hjá Landgræðslunni. Heimilt er að meta starfsreynslu hjá öðrum vinnuveitendum ef hún nýtist í starfi og er hún þá talin með starfsreynslu hjá stofnuninni, hluta eða öllu leyti.

Þeir starfsmenn sem fengið hafa fleiri starfsaldurslaunaflokka samkvæmt fyrri stofnanasamningi halda þeim launaflokkum.

### **5. Starfsnám – símenntun**

5.1. Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun, sem viðurkennd er af samningsaðilum, og/eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka um launaflokka m.v. grunnröðun sem hér segir:

- einn launaflokk eftir samtals 60 kennslustundir,
- einn launaflokk til viðbótar eftir samtals 120 kennslustundir,
- einn launaflokk til viðbótar eftir samtals 200 kennslustundir.

Þannig getur starfsmaður hækkað um alls þrjá launaflokka ef hann lýkur starfsmenntun sem samsvarar 200 kennslustundum.

5.2. Ef starfsmaður hefur lokið námi sem aðilar eru sammála um að nýtist í starfi hans, og ekki verið tekið tillit til þess við grunnröðun hans getur hann fengið það metið til launahækkunar.

### **6. Starfstengdir þættir.**

Ef starf krefst viðvarandi aukinnar ábyrgðar eða hæfni umfram skilgreiningu í starfsheiti er heimilt að taka tillit til þess við röðun starfsmanns í launaflokk. Starfstengdir þættir eru metnir út frá starfsheiti, sbr. gr. 2.1., og fráviki starfs frá því. Starfstengdir þættir fylgja starfsmanni ekki sjálfkrafa flytjist hann á milli starfsheita. Starfstengdir þættir geta verið eftirfarandi:

- 6.1. starfið felur í sér sérstaka ábyrgð og/eða viðamikil verkefni,
- 6.2. starfinu fylgir veruleg kennsla og/eða ráðgjöf,
- 6.3. starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið.
- 6.4. starfið eykst að umfangi.

## **7. Einstaklingstengdir þættir.**

Ef starfsmaður sýnir að jafnaði mjög góða framistöðu og hæfileika í starfi eða býr yfir sérstakri þekkingu umfram þær kröfur sem gerðar eru við ráðningu hans eða í starfslýsingu og sú þekking nýtist honum í starfinu er heimilt að taka tillit til þess við röðun hans í launaflokk. Einstaklingstengdir þættir geta verið eftirfarandi:

- 7.1. Starfsmaður sýnir framúrskarandi hæfni til samskipta og samvinnu.
- 7.2. Starfsmaður sýnir viðvarandi góðan árangur í starfi.
- 7.3. Starfsmaður hefur góða skipulagshæfileika og nýtir þá í starfi sínu.
- 7.4. Starfsmaður sýnir frumkvæði og sjálfstæði við úrlausn verkefna í starfi sínu.

Leggja skal fram í samstarfsnefnd, ef þess er óskað, skrifleg rök þar sem kemur fram hvaða forsendna er verið að taka tillit til.

## **8. Annað.**

Landgræðslan hefur áætlun um starfsmannapróun og árleg starfsmannasamtöl þar sem m.a. er rætt um möguleika og óskir starfsmanns og stofnunar varðandi starfs- og símenntun.

## **9. Endurskoðun.**

Um endurskoðun á stofnanasamningi þessum fer eftir kafla 11 í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra frá 9. mars 2005.

Verði breytingar á starfsemi stofnunar, verkefnum hennar og/eða verkefnum einstakra starfsmanna skal gerð nauðsynleg endurskoðun á röðunarreglum sammingsins eða eftir atvikum röðun starfsmanna.

## **10. Gildistími.**

Samningur þessi gildir frá 1. maí 2007. Samningurinn kemur í stað Stofnanasamnings Landgræðslu ríkisins og SFR frá 27. mars 2006, sem fellur úr gildi frá sama tíma.

Gunnarsholti 25. apríl 2007

F.h. Landgræðslu ríkisins

F.h. SFR – stéttarfélags í almannajónustu

\_\_\_\_\_  
Sveinn Runólfsson

\_\_\_\_\_  
Þórunn Ragnarsdóttir

\_\_\_\_\_  
Jóna María Eiríksdóttir

\_\_\_\_\_  
Reynir Þorsteinsson

\_\_\_\_\_  
Hulda Karlsdóttir

\_\_\_\_\_  
Árni Eiríksson

## **Bókun**

**Með stofnanasamningi, dags. 25. apríl 2007 milli Landgræðslu ríkisins og SFR – stéttarfélags í almannajónustu, skv. ákvæðum kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra, 9. mars 2005.**

Aðilar eru sammála um að í kjölfarið á nýjum kjarasamningi að ári, og þ.a.l. endurskoðunar á stofnanasamningi milli Lr og SFR, verði leitast við að hækka grunnröðun launa með tilfærslu viðbótarflokka á grunnlaun yfir í grunnröðun þar sem við á.